


Elska Guðs

DIETER F. UCHTDORF FORSETI

annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu

Elskan er mælikvarðinn á trú okkar, hvatinn að blýðni okkar og hin sönnu mörk lærisveinslutverks okkar.



Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu vex stöðugt og verður þekktari um heim allan. Enda þótt alltaf verði einhverjir sem gera sér neikvæða mynd af kirkjunni og meðlimum, telja flestir okkur vera heiðarlegt, greiðvikið og eljusamt fólk. Sumir sjá fyrir sér snyrtilega trúboða, elskandi fjölskyldur eða vingjarnlega nágranna, sem hvorki reykja né drekka. Við kunnum einnig að vera þekkt sem fólk er sækir kirkju á hverjum sunnudegi í þrjár stundir í einu, þar sem allir eru bræður og systur, þar sem börnin syngja söngva um læki

sem tala, tré sem á vex poppkorn og börn sem vilja verða sólskinsbörn.

En bræður og systur, af öllu því sem við viljum helst vera þekkt fyrir, hvaða eiginleikar umfram allt ættu að skilgreina okkur sem meðlimi í kirkju Jesú Krists, já sem lærisveina hans? Frá því á síðustu ráðstefnu okkar fyrir sex mánuðum hef ég hugleitt þessa og aðrar álíka spurningar. Í dag langar mig til að segja ykkur frá hugrenningum mínum, og hverjar niðurstöðurnar hafa orðið af þeim vangaveltum. Fyrsta spurningin er:

Hvernig verðum við sannir lærisveinar Jesú Krists?

Frelsarinn sjálfur hefur gefið svarið við þessari djúpu spurningu: „Ef þér elskið mig, munuð þér halda boðorð mín.“¹ Þetta er kjarni þess að vera sannur lærisveinn: þeir sem taka á móti Jesú Kristi, ganga með honum.²

En þetta getur verið erfitt fyrir suma, því það eru svo mörg „ættu“ og „ættu ekki,“ að aðeins það eitt að fylgjast með þeim getur reynst vandamt. Stundum geta skýringar,

gefnar af góðum hug, á guðlegri reglu—sem margar eiga sér óinnblásinn uppruna—flækt málin frekar og útþynnt hinn hreina og guðlega sannleika með viðbættum manna-setningum. Góð hugmynd einhvers - eitthvað sem dugar honum eða henni vel—nær rófestu og verður vænting. Og smátt og smátt geta eilífar reglur glatast í völuarhúsi „góðra hugmynda.“

Þetta var eitt af því sem frelsarinn gagnrýndi „fræðimenn“ síns tíma fyrir, þegar hann álasaði þeim fyrir að leggja áherslu á hundruð smáatriða lögmálsins en samtímis vanrækja það sem mikilvægara væri.³

Hvernig höldum við þá þessum mikilvægari málum í réttri röð? Höfum við stöðugan vegvísi sem getur hjálpað okkur að forgangsraða í lífi okkar, hugsunum og gerðum?

Enn á ný opinberaði frelsarinn veginn. Þegar hann var beðinn að nefna æðsta boðorðið, hikaði hann ekki: „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum,“ sagði hann. „Þetta er hið æðsta og fremsta boðorð.“⁴ Samfara öðru æðsta boðorðinu, að elska náungann eins og okkur sjálf, höfum við vegvísi sem gefur stefnuna, ekki aðeins fyrir líf okkar sjálfrá heldur einnig fyrir kirkju Drottins beggja vegna hulunnar.

Elskan er hið mikla boðorð, og því ætti hún að vera *kjarninn* í öllu sem við gerum í fjölskyldu okkar, í kirkjuköllumum og í lífsstarfi okkar. Elskan er hið græðandi smyrsl sem bætir hverja sprungu í samskiptum

einstaklinga og fjölskyldna. Hún er bandið sem sameinar fjölskyldur, samfélög og þjóðir. Elskan er krafturinn sem er kveikjan að vináttu, umburðarlyndi, hæversku og virðingu. Hún er uppsprettan sem sigrast á sundurlyndi og hatri. Elskan er eldurinn sem vermir líf okkar með óviðjafnanlegri gleði og guðlegri von. Elskan ætti að vera ganga okkar og mál okkar.

Þegar við sannlega skiljum merkingu þess að elska eins og Kristur elskar okkur, skýrist ringulreiðin og forgangsröðunin verður rétt. Ganga okkar sem lærisveinar Krists verður gleðilegri. Líf okkar fær nýja merkingu. Samband okkar við himneskan föður verður dýpra og innilegra. Hlýðnin verður gleði frekar en byrði.

Hvers vegna ættum við að elska Guð?

Guð, eilífur faðir, gaf ekki fyrsta boðorðið vegna þess að hann þarfnist þess að við elskum hann. Kraftur hans og dýrð minnkar ekki þótt við vanvirðum, afneitum eða jafnvel vanhelgum nafn hans. Áhrif hans og yfirráð ná yfir tíma og rúm óháð samþykki okkar, viðurkenningu eða aðdáun.

Nei, Guð þarfnast þess ekki að við elskum hann. En ó, hve við þörfnumst þess að elska Guð!

Því það sem við elskum ákvarðar hverju við sækjumst eftir.

Það sem við sækjumst eftir ákvarðar hvað við hugsum og gerum.

Hvað við hugsum og gerum ákvarðar hver við erum - og hver við verðum.

Við erum sköpuð í mynd himneskra foreldra okkar; við erum andabörn Guðs. Því höfum við mikla getu til að elska - hún er hluti af andlegri arfleifð okkar. Hvað og hvernig við elskum skilgreinir okkur sem einstaklinga, og skilgreinir okkur einnig sem kirkju. Elskan er lýsandi eiginleiki lærisveins Krists.

Frá upphafi tímans hefur elskan verið uppspretta bæði hinnar æðstu alsælu og hinnar þyngstu byrðar. Aðalástæða vansældar, allt frá dögum Adams til þessa dags, munuð þið sjá að er sú að elska það sem rangt er. Og þið munuð finna að kjarni gleðinnar er að elska það góða.

Og það æðsta af öllu góðu er Guð.

Faðir okkar á himnum hefur gefið okkur, börnum sínum, miklu meira en nokkur dauðlegur hugur fær skilið. Undir hans stjórn skapaði hinn mikli Jehóva þann undraheim sem við lifum í. Guð faðirinn vakir yfir okkur, fyllir hjörtu okkar af ósegjanlegri gleði, mildar dimmstu stundirnar með blessuðum friði, lætur dýrmætan sannleika drjúpa á huga okkar, leiðir okkur á örvænting-arstundum, fagnar þegar við fögnum og svarar réttlátu ákalli okkar.

Hann gefur börnum sínum loforð um dýrmæta og óendanlega tilveru og hefur séð okkur fyrir leið til aukinnar þekkingar og dýrðar uns við náum fyllingu gleðinnar. Hann hefur lofað okkur öllu sem hann á.

Ef allt þetta er ekki nóg, getum við ef til vill lært af Jóhannesi postula sem sagði: „Vér elskum, því að hann elskaði oss að fyrra bragði“⁶.

Hvers vegna elskar himneskur faðir okkur?

Hugsuðu um hina hreinustu, al-tækustu elsku sem þið getið ímyndað ykkur. Margfaldið nú þessa elsku með óendanlegri tölu—það er mælikvarðinn á elsku Guðs—til ykkar⁷.

Guð lítur ekki á útlit mannsins⁸. Ég trúir að honum sé nákvæmlega sama hvort við búum í kastala eða koti, hvort við erum glæsileg eða kauðaleg, hvort við erum fræg eða gleymd. Þótt okkur sé áfátt, elskar Guð okkur algjörlega. Þótt við séum ófullkomin, elskar hann okkur fullkomlega. Þótt við séum áttavillt og stefnulaus, umlykur elska Guðs okkur algjörlega.

Hann elskar okkur vegna þess að hann er fullur af takmarkalausri, heilagri, hreinni og ólýsanlegri elsku. Við erum ekki mikilvæg Guði vegna ferilskrár okkar heldur vegna þess að við erum börn hans. Hann elskar sérhvert okkar, jafnvel þau sem eru breisk, óvinsæl, klaufaleg, hrygg eða niðurbrotin. Elska Guðs er svo mikil að hann elskar jafnvel hina dramb-sömu, eigingjörnu, hrokafullu og ranglátu.

Þetta táknar að einu gildir hver núverandi staða okkar er, það er von. Einu gildir hver armæða okkar er, sorg okkar eða mistök okkar eru, hinn óendanlega samúðarfulli faðir þráir að við nálgumst hann svo að hann geti nálgast okkur⁹.

Hvernig getum við aukið elsku okkar til Guðs?

„Guð er kærleikur“¹⁰ og því betur sem við nálgumst hann því

dýpra finnum við elskuna.¹¹ En hula aðskilur þetta jarðlíf frá himnesku heimili okkar og því verðum við að leita til andans eftir því sem jarðnesk augu skynja ekki.

Himinninn kann stundum að virðast fjarlægur, en ritningarnar veita von. “Þá munuð þér leita mín og finna mig. Þegar þér leitið mín af öllu hjarta”¹².

En að leita Guðs af öllu hjarta felur í sér miklu meira en aðeins að biðja bænna eða mæla nokkur orð sem bjóða Guði inn í líf okkar. „Því að í þessu birtist elskan til Guðs, að vér höldum hans boðorð“¹³. Við getum sagt með miklum tilþrifum að við þekkjum Guð. Við getum lýst yfir opinberlega að við elskum hann. En ef við hlýðum honum ekki er það allt til einskis, því: „Sá sem segir: „Ég þekki hann,“ og heldur ekki boðorð hans, er lygari og sannleikurinn er ekki í honum“¹⁴.

Við aukum ást okkar til himnesks föður okkar og sýnum þá ást þegar hugsanir okkar og gerðir verða í samræmi við orð Guðs. Hin hreina ást beinir okkur og hvetur okkur til að verða hreinni og heilagri. Hún er okkur hvati til að framganga í réttlæti - ekki vegna ótta eða skyldu heldur af einlægri þrá eftir að líkjast honum, vegna þess að við elskum hann. Ef við gerum svo, getum við „[endurfæðst og orðið] hreinsaðir með blóði, já, blóði míns eingetna, svo að [vér megum] helgast af allri synd og njóta orða eilífs lífs í þessum heimi og eilífs lífs í komanda heimi, já, ódauðlegrar dýrðar“¹⁵.

Kæru systkin, missið ekki móðinn

þótt þið hrasíð stundum. Verið ekki vonlítill eða örvæntið ef ykkur finnst þið ekki verðug þess að vera lærisveinn Krists öllum stundum. Fyrsta skrefið til að framganga í réttlæti er einfaldlega að reyna. Við verðum að *reyna* að trúna. Reyna að læra af Guði: lesa ritningarnar, læra orð síðari daga spámanna hans; velja að hlusta á föðurinn og gera það sem hann biður okkur um. Reynið, og haldið áfram að reyna þar til það sem virðist erfitt verður mögulegt—og það sem virðist rétt mögulegt verður í raun hluti af ykkur.

Hvernig getum við heyrt rödd föðurins?

Þegar þið leitið til himnesks föður ykkar, er þið biðjið til hans í nafni Krists, mun hann svara ykkur. Hann talar til okkar alls staðar.

Er þið lesið orð Guðs eins og það er skráð í ritningunum, hlustið þá eftir rödd hans.

Á þessari aðalráðstefnu og síðar þegar þið lesið þau orð sem hér verða sögð, hlustið þá eftir rödd hans.

Þegar þið sækið musterið heim og á kirkjusamkomum, hlustið eftir rödd hans.

Hlustið eftir rödd föðurins í gnægð og fegurð náttúrunnar, í ljúfri rödd andans.

Í daglegum samskiptum ykkar við aðra, í sálmatextum, í hlátri barnsins—hlustið eftir rödd hans.

Ef þið hlustið eftir rödd föðurins, mun hann leiða ykkur þangað þar sem þið getið fundið hina hreinu ást Krists.

Þegar við nálgumst himneskan föður, verðum við helgari. Og þegar við verðum helgari, munum við sigrast á vantrú og sálir okkar munu fyllast af hinu blessaða ljósi hans. Ef við lögum líf okkar að hinu yfirnáttúrlega ljósi, leiðir það okkur úr myrkri í átt að stærra ljósi. Þetta stærra ljós leiðir til ólýsanlegrar þjónustu hins heilaga anda og hulan milli himins og jarðar getur orðið þunn.

Hvers vegna er elskan hið æðsta boðorð?

Ást himnesks föður til barna sinna er megin boðskapur sæluáætlanarinnar, en sú áætlun tók gildi með friðþægingu Jesú Krists—hinni æðstu kærleikstjáningu sem heimurinn hefur nokkru sinni þekkt¹⁶.

Hve vel frelsaranum mæltist þegar hann sagði að öll önnur boðorð tengdust reglu kærleikans¹⁷. Ef við vanrækjum ekki hin miklu lög—ef við sannlega lærum að elska himneskan föður og meðbræður okkar af öllu hjarta, sálu og huga—fellur allt annað í ljúfa löð.

Guðleg elska Guðs breytir hversdagslegum verknaði í einstaka þjónustu. Guðleg elska er hvatinn sem breytir einföldum orðum í helgan sálm. Guðleg elska er efnið sem breytir tregri hlýðni við boðorð himnesks föður í blessaða hollustu og helgun.

Elskan er leiðarljósið sem lýsir upp veg lærisveinsins og fyllir daglega göngu okkar af lífi, merkingu og undri.

Elskan er mælikvarði á trú

okkar, hvatinn að hlýðni okkar og hin sönnu mörk lærisveinshlutverks okkar.

Elskan er vegur lærisveinsins

Ég ber því vitni að Guð er á himni sínum. Hann lifir. Hann þekkir og elskar ykkur. Hann er minnugur ykkar. Hann heyrir bænir ykkar og þekkir þrár hjarta ykkar. Hann er þrunginn takmarkalausri ást til ykkar

Ég vil ljúka eins og ég byrjaði, kæru bræður og systur: Hvaða

eiginleiki ætti að skilgreina okkur sem meðlimi Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu?

Verum þekkt sem fólk er elskar Guð af öllu hjarta okkar, sál og huga, og sem elskar náungann eins og okkur sjálf. Þegar við skiljum og fylgjum þessum tveimur æðstu boðorðum í fjölskyldu okkar, í deildum okkar og greinum, í þjóð okkar, og í daglegu lífi okkar, förum að skilja hvað það merkir að vera sannur lærisveinn Jesú Krists.

Um það ber ég vitni, í hinu heilaga nafni Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. Jóh 14:15.
2. Sjá Kol 2:6.
3. Sjá Matt 23:23.
4. Matt 22:37, 38.
5. Sjá Matt 22:39.
6. 1 Jóh 4:19.
7. Sjá Jes 54:10; Jer 31:3.
8. Sjá 1 Sam 16:7.
9. Sjá K&S 88:63.
10. 1 Jóh 4:8.
11. Sjá Róm 5:5; 1 Jóh 4:7, 16.
12. Jer 29:13.
13. 1 Jóh 5:3; sjá einnig 2 Jóh 1:6.
14. 1 Jóh 2:4; sjá einnig Jes 29:13.
15. HDP Móse 6:59.
16. Sjá Jóh 15:13.
17. Sjá Matt 22:40.